

Verklag við tengingu rafmagnsheimtauga við rafdreifikerfi Veitna ofh.

Tilgangur verklagsins er að tryggja öryggi starfsfólks við vinnu við tengingu á rafmagnsheimtaugum. Til að tryggja með fullnægjandi hætti spennuleysi heimtauga þegar verið er að tengja nýjar eða endurnýja þá gildir eftirfarandi verklag við tengingu og vinnu við heimtaugastrengi.

Áður en vinna hefst við tengingu heimtauga skal tryggja eftirfarandi.

- Fullrjúfa og hindra innsetningu rofa á báðum endum heimtaugar.
 - Fyrir heimtaugar með málstraum til og með 100A skal ávallt **tryggja með óbyggjandi hætti innsetningu** með því t.d. að læsa eða fjarlægja aðalrofa heimtaugar á meðan tengivinna við rafmagnsheimtaug á sér stað. Setja skal varúðarmerkingu á rofa heimtaugstrengs þegar hann hefur verið læstur.
 - Fyrir heimtaugar með málstraum stærri en 100A skal ávallt kalla til **löggiltan rafverktaka** (sem er ábyrgur fyrir húsveitunni) og í samráði við hann **tryggja gegn innsetningu** heimtaugarofa (aðalrofa) á meðan tenging rafmagnsheimtaugar stendur yfir. Setja skal varúðarmerkingu á rofa heimtaugstrengs þegar hann hefur verið læstur.
- Sannreyna og tryggja spennuleysi heimtaugar.
 - Áður en tengivinna hefst skal sannreyna spennuleysi heimtaugar með viðeigandi búnaðir (spennukanna, mæli eða öðrum tiltækum tækjum).
- Jarðtengja skal enda heimtaugastrengs áður en tengivinna hefst.

Að tengivinnu lokinni og þegar búið er að fjarlægja jarðbindingar skal einangrunarmæla heimtaugastreng áður en hann er spennusetur.

Ofangreindu verklagi skal ávallt fylgt við tengivinnu rafmagnsheimtauga.

Þó að ofangreint verklag sé áréttað við tengingu heimtauga í rafmagni þá skulu reglurnar FIMM alltaf hafðar í fyrirrúmi við alla vinnu við eða í nánd við rafmagn.

- Fullrjúfa
- Tryggja gegn innsetningu
- Sannreyna spennuleysi
- Jarðtengja
- Hylja eða girða af nálæga spennuhafa hluti.